

## Nd. 117. Tillaga til þingsályktunar

um bætur til verkalýðsins vegna vinnumissis.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að bæta verkalýðnum að fullu þann vinnumissi, sem hljótast myndi af því, að saltfisksveiðar togara féllu niður að mestu eða öllu leyti.

### Greinargerð.

Saltfisksveiðar togara hafa síðasta mannsaldur verið sú atvinna, sem afkoma ekki einungis togarasjómannanna, heldur hundraða af hafnarverkamönnum, verkakönnum, bílstjórum og öðrum verkalýð, einkum í Reykjavík og Hafnarfirði, hefir byggzt á. En eins og nú horfir alltaf öðru hverju, þegar mikill gróði er að ísfiskssölu, þá er allt útlit fyrir, að togaraeigendur muni ekki gera iogarana út á saltfisksveiðar. Verði áfram jafngóður hagur fyrir þá af ísfiskssölu og verið hefir alltaf öðru hverju eftir nýár, þá er því allt útlit fyrir, að saltfisksveiðar féllu niður. Sá atvinnumissir, sem þar af leiddi, yrði verkalýðnum alveg óbærilegur.

Hið opinbera verður því að láta þetta mál til sín taka. Fjár til þeirrar atvinnuaukningar, sem bæta ætti saltfisksvertiðina upp, mætti m. a. afla með gróðaskatti á ísfiskssöluna. Komi hinsvegar verðfall á ísfiskinn, væri hvort sem er sjálfsagt að láta togarana fara á saltfisksveiðar. En aðalatriðið er, að afstýrt verði þeim voða, sem það væri verkalýðnum, ef saltfisksvertið yrði engin, ofan á allan annan atvinnumissi. Og þegar togaraútgerðin græðir eins vel og hún hefir grætt öðru hverju nú á ísfiskssölu, þá er ekki nema sanngjarnt, að hún sé lätin leggja fram það fé, sem þarf til að bæta alþýðu manna missi saltfisksvertiðar, svo mikið sem alþýðan hefir nú orðið að þola fyrir gengisfallið og skattfrelsi togaraeigendum til handa. Að vísu má finna fleiri leiðir til að afla fjárins, en rétt þykir að benda á þessa hér. Og rötækra aðgerða er þörf, og það strax.